

3. Að veita námsstyrki eða verðlaun til efnilegra nemenda við framhaldsnám að loknu skyldunámi.
4. Að veita kirkju- og menningarmálum fjárstuðning.
- Sjóðsstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutun fjár úr sjóðnum og velur um hvað verðlaunað er eða styrkt hverju sinni.
- Starfssvið sjóðsins er Miklaholtshreppur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir menn: Formaður Búnaðarfélags Miklaholts-hrepps, sem jafnframt skal vera formaður sjóðsstjórnar, oddviti Miklaholts-hrepps, og þriðji maður kosinn af aðalfundi Búnaðarsambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til tveggja ára í senn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda funda- og gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, úthlutun styrkja úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðsstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld. Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 18. nóvember. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, kosnum af hreppsnefnd Miklaholtshrepps.

Reikningsgerð skal lokið fyrir 1. febr. ár hvert.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands.

8. gr.

Staðfesting skipulagsskrár fyrir sama sjóð frá 24. apríl 1951 fellur úr gildi.

September 1968.

Gunnar Guðbjartsson.	Elín Guðbjartsdóttir.	Guðbjörg Guðbjartsdóttir.
Þorkell Guðbjartsson.	Guðbrandur Guðbjartsson.	
Kristján Guðbjartsson.	Ragnheiður Guðbjartsdóttir.	
Kristjana Bjarnadóttir,	ekkja Alexanders Guðbjartssonar.	

18. desember 1968.

Nr. 316.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Neskaupstað.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Neskaupstað.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.